

## **Ársfundur Austurbrúar ses. 2022 haldinn í Tónlistarmiðstöð Austurlands, Eskifirði 26.apríl kl. 11:00**

Einar Már Sigurðarson formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hann til að **Eydís Ásbjörnsdóttir** yrði fundarstjóri og **Ásdís Helga Bjarnadóttir** fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið og tók til starfa.

### **1) Skýrsla stjórnar**

**Einar Már Sigurðarson**, formaður stjórnar Austurbrúar, kynnti skýrslu stjórnar og benti á að hún er aðgengileg með rafrænum hætti á heimasíðunni [austurbru.is](http://austurbru.is)

Haldnir voru 10 stjórnarfundir. Stjórnin fundar reglulega með stjórn SSA en til viðbótar stjórn SSA í stjórn Austurbrúar sitja auk þess tveir fulltrúar stofnaðila úr atvinnulífinu.

Stærstu málin voru endurskoðun á samningi við ríkisvaldið. Ópolandi er að á hverju einasta ári þurfi að fara fyrir fjárlaganefnd og aðra embættismenn til að tryggja fjármagn til landshlutans og Austurbrúar. Þessu þarf að breyta og fara að horfa til lengri tíma. Þessu hefur verið komið reglulega á framfæri og ávallt lofað breytingum en væntingar eru gerðar til breytinga með haustinu.

Nú eru tíu ár frá stofnun Austurbrúar. Hátíðarfundur verður haldinn í tilefni þess á eftir. Okkur hefur tekist vel og við megum vera hreykin og stolt. Fyrirkomulagið er vel lukkað og margir horfa til þess sem ákveðna fyrirmynd. Formaður mun fara ítarlegar yfir störf in á hátíðarfundinum á eftir.

### **2) Afgreiðsla ársreikninga**

Jóna Árný framkvæmdastjóri kynnti ársreikning Austurbrúar sem unnin var af KPMG í samræmi við endurskoðunarstaðla en reikninginn má finna á heimasíðu Austurbrúar. Framkvæmdastjóri kynnir ársreikning í fjarveru fulltrúa KPMG. Áritun KPMG er fyrirvaralaus. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um rúmar 12 milljónir króna, eigið fé er jákvætt um tæpar 79 milljón króna. Handbært fé er um 166,5 milljónir króna og eignir um samtals um 205 milljónir króna.

## Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög .....		188.941.962	187.109.190
Aðrar tekjur .....	10	366.752.654	271.162.926
		<u>555.694.616</u>	<u>458.272.116</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	11	299.709.967	276.380.853
Annar rekstrarkostnaður .....		240.085.419	156.088.391
Afskriftir .....	12	4.336.750	4.311.372
		<u>544.132.136</u>	<u>436.780.616</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		11.562.480	21.491.500
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		974.760	2.183.020
Vaxtagjöld .....		( 467.612)	( 41.348)
		<u>507.148</u>	<u>2.141.672</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b> .....	15	<u>12.069.628</u>	<u>23.633.172</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	10.360.698	5.972.722
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	13	340.000	340.000
Fastafjármunir		<u>10.700.698</u>	<u>6.312.722</u>
Viðskiptakröfur .....	14	13.323.380	19.598.557
Aðrar skammtímakröfur .....		15.227.962	8.046.736
Handbært fé .....	7	166.509.838	157.226.115
Veltufjármunir		<u>195.061.180</u>	<u>184.871.408</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>205.761.878</u></u>	<u><u>191.184.130</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé .....		77.429.593	65.359.965
Eigið fé	15	<u>79.029.593</u>	<u>66.959.965</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldbinding vegna vaxtasamnings Austurlands .....		3.903.095	3.903.095
Langtímaskuldir		<u>3.903.095</u>	<u>3.903.095</u>
Viðskiptaskuldir .....		50.346.350	37.527.821
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		33.516.132	47.439.174
Aðrar skammtímaskuldir .....		38.966.708	35.354.075
Skammtímaskuldir		<u>122.829.190</u>	<u>120.321.070</u>
Skuldir samtals		<u>126.732.285</u>	<u>124.224.165</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>205.761.878</u></u>	<u><u>191.184.130</u></u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins .....	15	12.069.628	23.633.172
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	(	592.000)	0
Afskriftir .....	12	4.336.750	4.311.372
		<u>15.814.378</u>	<u>27.944.544</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....	(	906.049)	14.984.690
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		2.508.120	( 39.025.564)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>1.602.071</u>	<u>( 24.040.874)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>17.416.449</u>	<u>3.903.670</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	12	( 9.332.726)	( 2.048.145)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		1.200.000	0
		<u>( 8.132.726)</u>	<u>( 2.048.145)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		9.283.723	1.855.525
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		157.226.115	155.370.590
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>166.509.838</u>	<u>157.226.115</u>

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Kenneth Svenningsen kvaddi sér hljóðs og spurði um framlög hagsmunaaðila í gegnum samstarfssamninga til Austurbrúar. Jóna Árný svaraði. Hagsmunaaðilar greiða um 6 milljónir en framlag fer eftir umsvifum þeirra, upphæðir eru almennt ekki háar. Hagsmunaaðilar eru um 100. Vinna þarf enn frekar að því að fá fleiri aðila inn og hvetur hún hagsmunaaðila til að taka þátt í því með því að kynna það sem aðilar eru að fá með þessari aðild.

Skýrsla stjórnar og ársreikningar bornir upp – samþykkt samhljóða.

### 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt

Jóna Árný Þórðardóttir fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2022. Áætlun ársins 2022. Tekjur alls 532 milljónir 2022. Kostnaður alls 533 milljónir. 2 milljónir í fjármagnsliði.

Áherslumarkmið 2022 – Kynnt og vísað í upplýsingar á heimasíðunni Austurbru.is

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárhags- og starfsáætlun. Enginn kvaddi sér hljóðs.

#### Eftirfarandi liðir falla niður þar sem þeir eiga ekki við:

4. Breytingar á skipulagsskrá og
5. Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.

### 6) Kosningar

#### A. Kjör endurskoðanda

Stjórn Austurbrúar samþykkti á fundi 22. apríl 2022 að KPMG verði kjörin sem endurskoðandi Austurbrúar ses. fyrir árið 2022.

Tillaga borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

#### B. Kjör starfsháttarnefndar

Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttarnefndar lagði fram tillögu um að fulltrúar í starfsháttarnefnd verði Gunnþórunn Ingólfisdóttir fyrrverandi oddviti Fljótsdalshrepps, Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar og Gunnar Jónsson. Bæjarritari Fjarðabyggð.

Tillaga borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða

#### C. Kjör siðanefndar

Formaður starfsháttarnefndar lagði fram tillögu um að fulltrúar í siðanefnd Austurbrúar ses. verði Fríða Thoroddsen, lögfræðingur, Gunnlaugur Sverrisson, viðskiptafræðingur og Þuríður Björg Wium Árnadóttir, guðfræðingur.

Tillagan borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða

## 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagraðs

Skúli Björn Gunnarsson kynnti svohljóðandi tillögu er samþykkt var af starfsháttarnefnd 7. apríl 2022:

Tillaga að bókun vegna stjórnarskipta í Austurbrú ses.

*Ársfundur Austurbrúar ses, haldinn á Eskifirði 29. apríl, samþykkir að vegna kosninga til sveitarstjórna árið 2022 fari stjórnarskipti hjá sjálfseignarstofnuninni fram eftir að SSA hefur kosið sér nýja stjórn á haustþingi sínu síðar á árinu. Núverandi stjórn stýrir öllum málefnum stofnunarinnar fram að stjórnarskiptum í haust þegar nýir stjórnarmenn af vettvangi sveitarstjórnarmála og af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar taka sæti í stjórn í samræmi við skipulagsskrá.*

Tillaga borin upp til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

*Starfsháttarnefnd Austurbrúar leggur til að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði í samræmi við það skipulag sem samþykkt var á haustþingi SSA 2020.*

*Grunnviðmið fyrir laun stjórnar er þingfararkaup eins og það var í október 2020 og \*tekur það síðan breytingum í janúar ár hvert í samræmi við hlutfallslega breytingu á samningum FOSA við launanefnd sveitarfélaga. Laun fyrir setu í stjórn eru greiddar 44.954 kr. fyrir hvern setinn fund eða 3,5% af þingfararkaupi. Jafnframt tekur Austurbrú þátt í mánaðarlaunum formanns sem nemur jafnhárri fjárhæð. Fyrir setu í fagraði er greitt 19.266 kr. fyrir hvern setinn fund eða 1,5% af þingfararkaupi*

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða

## 8) Önnur mál

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um önnur mál.  
Enginn kvað sér hljóðs.

Að því búnu óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarstjóri og fundarritari myndu ganga frá fundargerð sem samþykkt var samhljóða.

Formaður þakkar starfsmönnum fundarins fyrir störfin og fundarmönnum fyrir að mæta. Eftir hádegi verður hátíðarfundur sem aðilar eru hvattir til að taka þátt í.

Fundi var slitið kl. 12:00

*Neðanmáls:*

*Alls voru um 45 fundargestir. Atkvæði voru samtals 17 á fundinum þar af 13 atkvæði stofnaðila<sup>1</sup>. Fundurinn telst lögmætur samkvæmt stofnskrá Austurbrúar.*

---

<sup>1</sup> Atkvæðisbærir fulltrúar á fundinum: Múlaþing, Fjarðabyggð, Fljótisdalshreppur, Vonafjarðarhreppur, SAF, HÍ, AFL, Náttúrustofa Austurlands, Hallormsstaðaskóli, Háskólinn á Bifröst, Ferðamálastofa, Íslandsstofa og VÖK með 5 atkvæði fulltrúaráðs hagsmunaaðila.